



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 20 ára útskriftarhátíð
Háskólans á Akureyri
9. júní 2007**

Virðulegi rektor,
kennarar, nemendur, starfsfólk,
ættlingjar og vinir sem gleðjist hér í dag.

Það er hátíðarstund þegar Háskólinn á Akureyri fagnar áfanga á langri leið, vegamótum, tveir tugir ára frá upphafinu; áfanga sem sýnir hve hæpnar voru raddir efasemda sem hljómuðu víða, úrtöluþórinn sem hástöfum söng í aðdraganda.

Vissulega var það framsækin hugsun, djörf og ögrandi á sínum tíma, að stofna háskóla á Akureyri, einkum þegar horft er til þess að þá voru ekki nema fáein ár frá því að menntaskólar risu víða á landsbyggðinni.

Hugmyndin um háskólann var ákall nýrra tíma, vegvísir til nýrra átta, reistur á fullvissu um að grundvöllur framfaranna yrði annar en áður.

Verksmiðjubærinn yrði vísindastöð, kennslustofur leystu af hólmi iðjuverin, vöxtur Eyjafjarðar myndi sækja þrótt í samfélag stúdenta og fræðimanna; sóknin byggð á traustri hefð. Hér yrði margfaldur skólabær; ný verstöð í háskólasamfélagi Íslendinga; þátttakandi í þekkingarþróun á veraldarvísu.

Háskóli með heimsmannsbrag á Akureyri hefði við upphaf síðustu aldar þótt draumsýn ein en nú blasir hann við sem glæsilegur veruleiki.

Það hefur víða tekið áratugi, jafnvel aldir að vinna háskólum sess, en Háskólanum á Akureyri hefur tekist það á tuttugu árum. Sá árangur er lofsverður; í rauninni afrek.

Um það geta margir borið vitni – og líka ég því um árabíl hefur forsetaembættið notið góðrar samvinnu við Háskólann.

Í fjarlægum löndum, handan við höf, í öðrum álfum, hef ég oft tekið þátt í því þegar heimsfrægir háskólar hafa lagt metnað í að undirrita samvinnusamninga við Háskólann á Akureyri. Þá hef ég dáðst að einurð og framsýni sem forystusveit ykkar hefur jafnan sýnt við gerð samninga sem gefa stúdentum og kennaraliði kost á að dýpka og breikka menntun sína, rannsóknir og fræðastörf með náinni samvinnu við þá sem skara framúr á veraldarvísu; samninga sem gera starfið hér á Akureyri alþjóðlegt.

Og eigi skal á þessari stundu gleymt að þakka forystuna sem Háskólinn á Akureyri tók þegar ég fyrir níu árum kom með tillögu um að stofna Rannsóknarþing Norðursins, fræðavettvangur þar sem áhrifasveitir frá Ameríku, Kanada, Rússlandi og öllum Norðurlöndum tækju höndum saman.

Þá sýndi Þorsteinn Gunnarsson að hann hefur ásamt sínu fólki ríkan skilning á framtíðinni því málefni Norðursins voru á þeim árum ekki komin í tísku þótt nú vilji margir þá Lilju kveðið hafa.

Fyrsta Rannsóknarþing Norðursins var haldið aldamótaárið hér á Akureyri og þátttakendur komu víða að. Síðan hafa þau verið haldin í Rússlandi, Kanada, Finnlandi og Svíþjóð; það næsta í Alaska að ári. Miðstöð þessa rannsóknarsamstarfs hefur ávallt verið hjá Háskólanum á Akureyri; hann veitt forystu sem tugir háskóla og rannsóknasetra í öllum löndum Norðurslóða hafa virt og þakkað.

Slíkur grunnur skapar Háskólanum ærin tækifæri á komandi árum því nú er viðurkennt að Norðrið sé þungamiðja í hinni alþjóðlegu glímu við breytingar á loftslaginu. Það sé í senn mælistika á hve hratt hættan vex og vettvangur þar sem hafstraumar og jökulbreiður birta heimsbyggðinni breytingarnar.

Nú beina þúsundir vísindamanna vítt og breitt um veröldina sjónum sínum að þessum vanda og þá kemur framsýni háskólamanna á Akureyri að góðum notum.

Forystan hér hefur líka tekið á sig aðrar myndir. Fyrir skömmu var stofnaður á Akureyri alþjóðlegur orkuskóli, skilgetið afkvæmi Háskólans sem nú er þrátt fyrir ungan aldur farinn að fjölga sér.

Hinn nýi Orkuskóli á Akureyri er líka byggður á hárréttri hugsun, góðum skilningi á hnattrænum vanda og því sem við Íslendingar höfum fram að færa til úrlausnar, skilningi á eiginleikum Norðurslóða því um fjórðung vannýttar orku jarðarinnar er einmitt að finna þar, á svæðum sem verða kannski álíka mikilvæg fyrir orkuforða nýrrar aldar og olían í Mið-Austurlöndum hefur verið undanfarna áratugi — vonandi þó án þeirra átaka sem þar hafa litað lífið.

Menntamiðstöð rússneska utanríkisráðuneytisins var líka fljót að gera tímamótasamning við hinn nýja Orkuskóla á Akureyri, systurstofnun Háskólans, og fleiri Evrópuríki hafa staðfest vilja til samvinnu á komandi árum.

Allt er þetta glæsilegt, einstakur árangur og aðeins á tveimur áratugum. Metnaðurinn sést á öllum sviðum Háskólans; ánægjulegur afrakstur ólíkra greina.

Háskólinn hefur sýnt og sannað að hann er fjölþætt menntastofnun þar sem deildirnar styrkja hver aðra, veita stúdentum fræðslu, sjálfstraust og aga sem nýtast mun á fjölmörgum sviðum.

En Háskólinn hefur líka verið annað og meira. Hann hefur breytt viðhorfum Íslendinga, veitt þjóðinni nýjan skilning, vísað veginn, áréttað grundvallarþætti í framtíðarþróun, ekki aðeins gagnvart Akureyri og Eyjafirði, heldur líka landinu öllu, byggðunum og höfuðborg.

Hann hefur með fordæminu hvatt aðra til dáða, veitt samkeppni og aðhald sem voru orðin nauðsyn, skapað nýja vídd í háskólasamfélagi Íslendinga sem reynst hefur þjóðinni heilladrjúg.

Menntun, vísindi og fræði eru helsta hreyfiafl nýrrar aldar, háskólarnir orkustöðvar sem ráða munu úrslitum í samkeppni þjóða. Þeir sem vilja skara framúr munu sækja árangurinn fyrst og fremst til háskólanna.

Það höfum við Íslendingar leitast við að gera en þurfum að kappkosta í ríkara mæli því nú sækja margir aðrir inn á samkeppnisvöllinn.

Í þessum efnum eru miklar vonir bundnar við Háskólann á Akureyri enda veit þjóðin að hann mun áfram reynast máttarstólpi; öflugt, skapandi og þróttmikið menntasetur.

Ég færi ykkur hér í dag einlæggar þakkir Íslendinga, heillaóskir á merkum tímamótum; megi gæfan ávallt fylgja Háskólanum á Akureyri.